

**ÁLYKTUN RÁÐSINS OG FULLTRÚA RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJANNA,
SEM KOMU SAMAN Á VEGUM RÁÐSINS,**

frá 8. júlí 1991

**um að bæta gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna komi til náttúruhamfara eða við vá
af völdum tæknibilunar**

(91/C 198/01)

RÁÐIÐ OG FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJA EVRÓPUBANDALAGANNA, SEM KOMU SAMAN Á VEGUM RÁÐSINS,

sem æskja þess að efla samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna með því að auka gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna;

sem hafa í huga ályktun sína frá 25. júní 1987 um að koma á samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna ⁽¹⁾, ályktun sína frá 13. febrúar 1989 um þróun samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna ⁽²⁾ og ályktun sína frá 23. nóvember 1990 um samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna ⁽³⁾;

sem vita af gagnsemi tvíhliða og marghliða samninga um samvinnu á sviði almannavarna og einkum með tilliti til þess að bæta gagnkvæma aðstoð komi til náttúruhamfara eða þegar vá er fyrir dyrum af völdum tæknibilunar;

sem hafa í huga ályktun sína frá 23. nóvember 1990 um að efla gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna komi til náttúruhamfara eða þegar vá er fyrir dyrum af manna völdum ⁽⁴⁾;

sem vita af því að þessi ályktun má í engu hafa áhrif á gagnkvæm réttindi og skuldbindingar sammingsbundinna aðildarríkja samkvæmt tvíhliða, marghliða eða alþjóðlegum samningum, sem fjalla um þau málefni sem þessi ályktun nær til, eða á löggjöf bandalagsins í þessum efnum og að hún má ekki hafa áhrif á innlend ákvæði um skaðabætur;

sem hafa í huga að samkvæmt 2. lið ályktunarinnar frá 25. júní 1987 var stofnsett netkerfi samskiptafulltrúa á vegum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til þess að upplýsingarnar, sem er safnað, hjálpi til að gefa skýrari mynd af þeirri aðstoð sem unnt er að veita í hverju aðildarríki um sig, þegar vá er fyrir dyrum, og geri að verkum að nýta megi slíka aðstoð betur og skjótar;

HAGA SAMÞYKKT eftirfarandi:

sem vita af því að framkvæmdastjórnin hefur undirbúið handbók um almannavarnir þar sem meðal annars er talið upp með hvaða hætti er unnt að grípa inn í atburðarásina í aðildarríkjunum ef neyðarástand skapast;

1. Aðildarríkin skulu, ef annað aðildarríki óskar þess, veita alla þá aðstoð, sem þau telja sig geta veitt, þegar vá er fyrir dyrum á yfirráðasvæði þess sem hefur í för með sér mjög skaðleg áhrif eða er hættuleg fólki, eignum og umhverfi og ljóst er að viðkomandi aðildarríki veldur því ekki að veita aðstoð eitt síns liðs.

sem gera sér grein fyrir þeirri hættu sem stöðjar að aðildarríkjunum af völdum náttúruhamfara eða þegar vá er fyrir dyrum af völdum tæknibilunar og þörfinni á að bæta gagnkvæma aðstoð þegar slíkt gerist;

2. Þegar vá er fyrir dyrum skal aðstoð miðast við að senda hjálparsveitir skjótt á vettvang, búnar tækjum og hjálparbúnaði, til þess að bjarga fólki og vernda og verja eignir og umhverfi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 176, 4. 7. 1987, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 44, 23. 2. 1989, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 315, 14. 12. 1990, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 315, 14. 12. 1990, bls. 3.

Hjálparsveitir verða að vera sjálfstæðar með tilliti til skipulagningar og sjálfum sér nógar á staðnum í að minnsta kosti 48 klukkustundir. Að þeim tíma liðnum,

þegar birgðir þeirra eru á þrotum, skal aðildarríkið, sem óskaði eftir aðstoð, útvega hjálparsvæðnum birgðir til að komast af og endurnýja tækjakost þeirra með eðlilegum hætti.

3. Stjórn hjálparstarfsins skal vera í höndum aðildarríkisins sem fer fram á aðstoð (hér eftir kallað „aðildarríkið sem óskar aðstoðar“). Yfirvöld í aðildarríkinu, sem óskar aðstoðar, skulu samþykkja leiðbeiningar og afmarka, ef nauðsyn krefur, þau verkefni sem hjálparsvæðnum eru falin, án þess þó að gefa nákvæm fyrirhætti um framkvæmd þeirra sem skal vera í verkahring þess einstaklings sem aðildarríkið, sem býður fram aðstoð (hér eftir kallað „aðildarríkið sem býður aðstoð“), tilnefnir.
4. Aðildarríkið, sem óskar aðstoðar, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi liðsmanna hjálparsevitar aðildarríkisins sem býður aðstoð.
5. Til þess að unnt sé að veita skilvirka aðstoð skulu hjálparsevitar hafa aðgang að öllum stöðum, þar sem þörf er á aðstoð þeirra, í samræmi við leiðbeiningar yfirvalda sem bera ábyrgð á aðgerðum. Aðildarríkinu, sem óskar aðstoðar, ber að sjá til þess að nauðsynlegum hjálpargögnum sé dreift og samskipti séu tryggð.

Aðildarríkið, sem óskar aðstoðar, skal kanna leiðir til að hraða útgáfu nauðsynlegra leyfa, einkum vegna sérstakra flutninga, og yfirfara tilhögun við notkun grunnvirkja án endurgjalds, þar sem annars er krafist gjalds vegna gegnumferðar, tolla, hafnargjalda eða flugvallarskatta.

6. Í því augnamiði að tryggja að aðstoð gangi hratt og á skilvirkan hátt skulu aðildarríkin, sem óska aðstoðar, og eftir atvikum, aðildarríkin, sem heimila gegnumferð, leitast við að halda landamæraeftirliti og formsatriðum í lágmarki, að því er varðar hjálparsevitar, tækjabúnað þeirra og nauðsynleg hjálpargögn, til að þær geti leyst verkefni sín af hendi, þar með talin lækningatæki og lækningavörur.

Í þessu skyni ber að framvísa alhliða skírteini, sem yfirvöld í aðildarríkinu, sem býður aðstoð, gefur út, þar sem leiðangrinum er lýst og samsetningu hjálparsevitarinnar, ásamt tæmandi skrá yfir þau hjálpartæki og gögn sem verið er að senda, helst um leið og farið er inn á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis eða í síðasta lagi einum mánuði eftir það.

7. Hvert og eitt aðildarríki skal heimila loftförum hinna aðildarríkjanna, sem taka beinan þátt í björgunarað-

gerðum eða flytja tækjabúnað, að fljúga yfir yfirráðasvæði sitt og lenda og taka flugið á fyrirframákveðnum stöðum. Slík flug skal skipuleggja og fljúga í samræmi við gildandi reglur um flugleiðsögu og notkun loftrýmis í viðkomandi aðildarríki.

8. Liggi ekki fyrir samkomulag um hið gagnstæða milli viðkomandi aðildarríkja skal aðildarríkið, sem óskar aðstoðar, bera kostnað af aðstoð sem aðildarríkið, sem býður aðstoð, lætur í té.

Aðildarríkið, sem býður aðstoð, getur gert það án endurgjalds að öllu leyti eða að hluta, einkum með hliðsjón af því um hvers konar vát er að ræða og þess hve miklu tjóni aðildarríkið, sem óskar aðstoðar, verður fyrir.

Aðildarríkið, sem býður aðstoð, getur einnig hvenær sem er fellt niður, að hluta eða öllu leyti, endurgreiðslu vegna útlagðs kostnaðar.

Aðildarríkið, sem óskar aðstoðar, skal sjá hjálparsvæðnum frá aðildarríkinu, sem býður aðstoð, fyrir mat og húsaskjól og gangi birgðir þeirra og vistir til þurrðar skal aðildarríkið, sem óskar aðstoðar, endurnýja hvort tveggja á sinn kostnað.

9. Aðildarríkin skulu ekki krefja önnur aðildarríki um skaðabætur vegna tjóns á eignum eða skaða sem þjónustulið þeirra verður fyrir, megi rekja slíkt tjón eða skaða til hjálparstarfsins, sem kveðið er á um í þessari ályktun, nema sannanlega sé um að ræða svik eða alvarlega vanrækslu.

Ef um er að ræða tjón sem þriðji aðili verður fyrir vegna hjálparstarfs skulu aðildarríkið, sem óskar aðstoðar, og aðildarríkið, sem býður aðstoð, greiða fyrir því í samningu að bætur komi fyrir slíkt tjón.

10. Að hjálparstarfinu loknu skulu aðildarríkið, sem óskar aðstoðar, og aðildarríkið, sem býður aðstoð, senda framkvæmdastjórninni skýrslu um þá atburði sem áttu sér stað og þær ráðstafanir sem gripið var til og skal framkvæmdastjórnin tilkynna hinum aðildarríkjunum um það.

11. Framkvæmdastjórnin skal kalla saman fundi netkerfis samskiptafulltrúa aðildarríkjanna reglulega, eða að beiðni aðildarríkis, í þeim tilgangi að yfirfara tæknilega

og rekstrarlega þætti skipulags þeirrar samvinnu sem kveðið er á um í þessari ályktun. Samskiptafulltrúum aðildarríkjanna er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga eftir þörfum.

Framkvæmdastjórnin skal og kalla saman fund netkerfis samskiptafulltrúa aðildarríkjanna í hvert sinn sem hjálparstarfi, sem kveðið er á um í þessari ályktun, er lokið svo að draga megi lærdóm af því.

Framkvæmdastjórnin skal og kanna, ásamt samskiptafulltrúum aðildarríkjanna, hvort hægt sé að hrinda í framkvæmd áætlun um að þjálfa fulltrúa á sviði neyðaraðstoðar í því skyni að bæta gagnkvæma aðstoð þegar vá er fyrir dyrum.

12. Aðildarríkin skulu, svo að ályktun þessi komi til framkvæmda, tilnefna lögbær yfirvöld og tilkynna það framkvæmdastjórninni.